

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn, með breytingum, á fundi sínum þann 22. ágúst 2019.

Deiliskipulagssvæðið er 4,3 ha að stærð og nær yfir hluta miðsvæðis Þórshafnar. Í deiliskipulaginu eru m.a. lóðamörk núverandi lóða skilgreind, byggingarreitir og nýtingarhlutföll. Þá er 1 ný lóð fyrir einbýli skilgreind og 6 nýjar lóðir fyrir blandaða byggð. Göngustígar eru skipulagðir um svæðið og útivistarstígur meðfram strandlengjunni við Bakkaveg. Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsupprætti dags. 30. nóvember 2018, með breytingu frá 2. ágúst 2019.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Langanesbyggð, 11. september 2019.

Jónas Egilsson staðgengill sveitarstjóra.

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2019